

Vesturbæjarblaðið



Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

Erum einnig á visir.is og mbl.is

DESEMBER 2022

12. tbl. 25. árg.

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIDISTORGI

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

- bls. 4-5
Viðtal við
Björn G. Björnsson
leikmyndahönnuð



Óslóartré á Austurvelli.

Kveikt á Óslóartrénu

Jólaljósín voru kveikt á Óslóartrénu á Austurvelli á fyrsta degi adventunnar á dögunum. Lúðrasveit Reykjavíkur lék adventu- og jólaög. Tröllíð Tufti lét sjá sig til að gleðja gesti fyrir athöfnina og Sigríður Thorlacius og Valdimar fluttu jólaög ásamt hljómsveit. Jólasveinar tóku forskot á sæluna og laumuðust til byggða, sungu og skemmtu gestum.

Sander Snær Seim Sigurðsson sem er níu ára gamall drengur af norskum og íslenskum ættum fékk það hlutverk að aðstoða Dag B. Eggertsson borgarstjóra að tendra jólaljósín. Hallstein Bjercke, borgarfulltrúi frá Ósló, afhenti Degi jafnframt bókargjöf frá Ósló, auk þess sem öll skólabókasöfn í Reykjavík eiga að fá bækur að gjöf. Sá siður að norsk sveitarfélög gefi íslenskum vinabæjum sínum jólatré að gjöf fyrir adventuna virðist vera að leggjast af. Í dag er jólatré borgarinnar höggvið í Heiðmörk þó tréð sé kallað Óslóartréð.

VIÐ HJÁLPUM ÞÉR AÐ FINNA RÉTTU GJÖFINA

ELKO Granda, Lindum, Skeifunni, á Akureyri og í vefverslun ELKO



ELKO



Apótekið þitt í hverfinu þínu

Héðinshúsinu Seljavegi 2

FAGLEG RÁÐGJÖF • LYF • SNYRTIVÖRUR • HEILSU- & NÁTTÚRUVÖRUR

REYKJAVÍKUR  APÓTEK
Héðinshúsinu Seljavegi 2

Persónuleg ráðgjöf lyfjafræðings
Hagstætt verð

Þegar líða fer að jólum



Helgartilboð Úrbeinað Hangikjöt

KEA



Hreindýrakjöt • Villigæsir • Krónhjartarkjöt • Confit • Dádýrakjöt • Ali endur •

Ali gæsir • Húsavíkur-, KEA- og SS hangikjöt • Kalkúnar • Tvíreykt sauðahangikjöt • Ali hamborgarhryggir • Paté • Nautalundir • Elgur • Ferskir kalkúnar • Kalkúnabringur • Lifrarkæfuefni • Hreindýrahakk • Wellington • Ostrur • Styrjuhogrn • Andabringur • Villigæsabringur • Kalkúnaskip • Hnetusteikur • Norska jólakakan • Pandoro • Panettone • Heitreyktar og grafnar villigæsabringur • Reyktur áll • ofl. ofl.

Látið fagmenn okkar aðstoða við val á hátíðarmatnum - Munið að panta tímanlega!



**20%
afsláttur**

miðvikudag - sunnudags
14.-18. desember á meðan birgðir endast

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Póstdreifing ehf.
12. tbl. 25. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107, 102 og 101.

Misskipting

Hér í blaðinu er rætt við Björn G. Björnsson leikmyndahönnuð. Hann hefur tekið saman bók um verk Einars Erlendssonar sem vann við húsateikningar í Reykjavík í um hálfa öld og gegndi starfi húsameistara ríkisins um lengri tíð.

Íbókinni kemur fram að eftir Einar liggja teikningar að fjölda bygginga sem margar voru reistar á fyrri hluta liðinnar aldar.

Mörg þessara mannvirkja bera þess merki að engu hefur verið til sparað við byggingu þeirra. Bæði á það við um opinberar byggingar sem hann teiknaði en ekki síður íbúðarhúsnæði.

Mörg af húsum Einars eru viðamikil og setja sterkan svip á umhverfi sitt. Einkum í Miðborginni og Vesturbænum sem þá var að byggjast upp.

Mörg húsanna eru byggð á svokölluðum millistríðsárum. Árunum á milli tveggja heimsstyrjalda. Íslendingar höfðu efnast aðeins á þeim tíma og birtast þau efni meðal annars í byggingum frá tíma Einars.

Því fer þó fjarri að almenningur hafi haft ráð til að reisa sér þvílík hýbýli. Þarna voru einkum á ferð athafnamenn sem komist höfðu í álnir og aðilar sem áttu sér sterka stöðu í stjórnkerfi landsins.

Þessi mynd af glæsilegum ferli Einars sem húsahönnuðar og arkitekts dregur einnig upp mynd af mikilli misskiptingu auðs og eigna á meðal landmanna.

Á síðari árum er oft rætt um vaxandi um misskiptingu lífsgæða. Stundum á þann hátt að sú þróun sé næstum nýtilkomin. Hafi jafnvel átt sér stað að loknu bankahruni 2008.

Vissulega má til þess líta að ýmsar eignir hafi færst á færri hendur á síðari árum. En misskiptingin hefur verið til allt frá því að landsmönnum uxu álnir eftir allsleysi fyrri alda. Stjórnámálamönnum ber að hafa í huga að halda verði þróun misskiptingar innan takmarka.

Vinningstillaga um Grófarhúsið kynnt



Vinnuhópur frá JVST arkitektum, Inside Outside, Hanrath Architect, Kreatíva teiknistofu, VSÓ ráðgjöf og Öruggr verkfræðistofu varð hlutskarpast í hönnunarsamkeppni Reykjavíkurborgar og Arkitektafélags Íslands um breytingar og endurbætur á Grófarhúsi. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri tilkynnti úrslitin við hátíðlega athöfn í Grófarhúsi.

Verðlaunaafhending í hönnunarsamkeppni um Grófarhúsið fór fram 29. nóvember sl. í Borgarbókasafninu í Grófinni, Tryggvagötu 15, Einnig verður opnuð yfirlitssýning á tillögum þeirra fimm aðila sem valin voru í forvali til þess að taka þátt í samkeppninni.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður fluttu ávörp og Halldór Eiríksson, arkitekt Tark, sem var fulltrúi dómnefndar, gerði grein fyrir niðurstöðum nefndarinnar. Hugmyndin er að bókasafnið fái allt húsið til afnota og markmiðið með breytingum og endurbótum á þessu húsnæði er að uppfylla sem best þær kröfur sem gerðar eru til nútíma bókasafna sem hýsa fjölbreytta þjónustu og dagskrá fyrir íbúa og aðra. „Við viljum að Grófarhús fái nýtt líf sem opin og skemmtileg bygging, lifandi samfélags- og menningarhús í takt við vel heppnuð dæmi hjá nágranna- og vinabjóðum okkar,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri. Vinningstillagan er hönnuð af hollensku arkitektastofunni JVST í samstarfi við Inside Outside, Hanrath Architect, Kreatíva teiknistofu, VSÓ Ráðgjöf og Öruggr verkfræðistofu. Í greinargerð dómnefndar segir meðal annars að tillagan sé leikandi og skemmtileg og svari vel væntingum um fjölbreyttan ævintýra- og fróðleiksheim fyrir fólk á öllum aldri. Einnig er talað um að tillagan hafi burði til að verða framsækin, leiðandi og vakandi fyrir



Hugmynd að nýju útliti Grófarhúsins.

síbreytilegum þörfum samfélagsins. Dómnefnd þakkar í dómnefndaráliði öllum þátttakendum fyrir heildstæð, ítarleg og metnaðarfull skil. „Allar tillögurnar sýna djúpan og ígrundaðan skilning á þeim markmiðum sem Borgarbókasafnið vill ná er varðar væntingar til byggingarinnar þar sem öll eru velkomin á sínum forsendum í fjölbreyttum vistarverum.“

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



*Gleðilega hátíð
og heillaríkt nýtt ár!*

Bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða

Vesturmiðstöð

Kjötkompaní

NAUTALUND WELLINGTON

Munið að þanta tímanlega



DALSHRAUN 13
Hafnarfirði

BÍLDSHÖFÐI 18
110 Reykjavík

GRANDAGARÐI 29
101 Reykjavík

kjotkompani.is/jolin



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

Myndasmiður í íslenskri byggingarlist

- Björn G. Björnsson leikmyndahönnuður hefur sent frá sér bók um verk Einars Erlendssonar fyrrum húsameistari ríkisins. Verk Einars setja víða mikinn svip á Miðborgina og Vesturbæinn. Björn spjallar við Vesturbæjarblaðið

„Fáir íslenskir arkitektar hafa átt lengri og viðburðaríkari ævi en Einar Erlendsson. Enginn var til að skrá þá merku sögu á meðan Einars naut við en sjálfur gaf hann sig lítt að því að ræða eða skrifa um eigin störf. Nú hefur loks verið ráðin nokkur bót á með því yfirliti sem nú lítur dagsins ljós. Björn G. Björnsson á þakkir skyldar fyrir að heiðra minningu hins merka húsagerðarmeistara með glæsilegri samantekt um ævi hans og verk.“ Þannig kemst Pétur H. Ármannsson arkitekt að orði á kápu nýútkominnar bókar Björns sem nefnist Húsameistari í hálfa öld. Einar átti farsæla starfsævi. Hann var aðstoðarmaður bæði Rögnvaldar Ólafssonar og Guðjóns Samúelssonar og tók við embættum beggja við fráfall þeirra. Fyrst Rögnvaldar og síðar Guðjóns. Vesturbæjarblaðið settist niður með Birni á Kaffi Vest á dögnum og forvitnaðist um tilurð og innihald hinnar nýútkomnu bókar.

Einar var fæddur árið 1883 og var að störfum frá 1905 til 1955 eða í hálfa öld. Björn segir feril hans einstakan þegar litið er til hverju hann hafi afkastað. Mætti halda að hann hafi aldrei lagt blýantinn frá sér. En hver var Einar? „Einar var upphaflega trésmiður líkt og faðir hans og lærði smíði hjá honum í Skólastræti 5. Smíðaverkstæðið var í bakhúsi við heimili fjölskyldunnar í Skólastrætinu. Smíðaverkstæðinu var síðar breytt í búðarhús og þar bjó Einar eftir að hann kom heim frá námi. Hann hélt til Kaupmannahafnar 1903 þar sem hann stundaði nám í húsateikningu við Det Tekniske Selskabs Skole til ársins 1905. Þótt hann væri ekki með háskólagráðu í arkitektúr varð hlutskipti hans að verða aðstoðarmaður tveggja fyrstu arkitektanna sem hér störfuðu, þeirra Rögnvaldar Ólafssonar og Guðjóns Samúelssonar. Rögnvaldur Ólafsson var fyrsti arkitektinn fæddur 1874. Hann hóf störf sem ráðunautur landstjórnarinnar um opinberar byggingar eins og það hét þá árið 1905 og lagði þar með grunninn að embætti húsameistara ríkisins. Rögnvaldur gegndi starfinu til dauðadags en hann lést um aldur fram úr berklum árið 1917. Guðjón Samúelsson var fæddur 1887. Hann kom heim frá námi í arkitektúr 1919. Hann tók þá við nýju embætti húsameistara ríkisins og gegndi því til dauðadags árið 1950. Báðir unnu þessir tveir arkitektar mikil afrek við að móta nýja íslenska húsagerð með byggingum sínum hvor á sinn hátt. Bæði Rögnvaldur

og Guðjón unnu baki brotnu á meðan þeim entist tími til. Þeir unnu undir gríðarlegu álagi og við bilandi heilsu. En þeir stóðu ekki einir á vellinum. Þar kemur Einar Erlendsson til sögunnar. Hann stóð við hlið Guðjóns í þrjá áratugi og tók við af honum sem húsameistari ríkisins. Einar átti einstakan feril þótt hann hafi fallið nokkuð í skugga hinna. En verkin hans tala,” segir Björn.

Náði öldinni

Björn segir að eftir að skjöl um byggingarlist, teikningar og annað voru gerð aðgengileg í Þjóðskjalasafninu hafi margt komið ljós um þessa þróun. Um ævi og störf þessara forgöngumanna í sögu húsbygginga. „Einar átti óvenjulanga starfsævi. Hann náði öldinni ef svo má segja. Honum er lýst sem rólegum og þrúðum manni sem vildi aldrei ræða um verk sín. Barnabörn hans sem ég hef rætt við segja að hann hafi aldrei viljað tala um sjálfan sig. Og ekki tekið í mál að skrifaðar yrðu um hann bækur. Ef til vill hefur af þessum ástæðum lítið verið skrifað um byggingalist hans. Nýir tímar kölluðu á gerbreytt húsnæði og sumir voru stórir í sniðum eins og mörg af glæsilegum húsum þessa tíma bera með sér. Þessi nýja byggingalist náði þó ekki til allra og víða voru hreysi í Reykjavík allt fram um 1960. Einkum eftir hernámsárin eftir mikla fólksflutninga af landsbyggðinni og ekki hafðist undan að byggja yfir allt fólkið.“



Björn G. Björnsson með bókina Húsameistari í hálfa öld. Í baksýn er horn Ingólfsstrætis og Bankastrætis. Einar Erlendsson teiknaði byggingarnar beggja vegna hornsins sem lengi var kennt við verslunina Málarann. Mynd Sigurður Bogi. Aðrar myndir eru teknar af Birni sjálfum.

Tvískiptur starfsferill

Björn segir að starfsferil Einars hafa skipst í tvennt. Annars vegar hinn opinberi ferill sem aðstoðarmaður Rögnvaldar Ólafssonar og Guðjóns Samúelssonar og síðar sem húsameistari ríkisins. Hins vegar hafi svo verið hálfrar aldar ferill hans sem húsahönnuðar og arkitekts með eigin teiknistofu heima í Skólastræti 5. Björn segir

að Einar hafi teiknað um 300 hús af öllum stærðum og gerðum. Bæði fyrir stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga. Þar megi nefna um tvo tugi glæsilegra einbýlishúsa í klassískum stíl í Mið- og Vesturbæ Reykjavíkur.

Ekkja með þrjú börn

Björn fletti bókinni í spjalli yfir kaffibolla á Kaffi Vest. Hann staðnæmist við Skólastræti 5,



Laufásvegur 49 til 51 og 53 til 55. Oft nefndar Sturluhallir. Byggðar á fjórða áratug liðinnar aldar af bræðrunum Friðrik og Sturlu Jónssonum.



Stýrimannastígur 9 teiknað af Einari Erlendssyni.



Sérkenni Einars koma vel fram í þessu húsi við Sólvallagötu 14.



Ljósvallagata 36. Upphaflega byggt sem einbýlishús en hefur fyrir löngu verið skipt í fleiri íbúðir.

heimili Einars. „Foreldrar hans voru Erlendur Árnason og Ágústa H.J. Ahrens. Þau bjuggu þar og í þessu húsi ólst Einar upp. Erlendur byggði bakhús á lóðinni sem fyrst var smíðaverkstæði en síðar íbúð. Einar var Reykvíkingur í báðar ættir. Eiginkona hans var Sigríður Lýdía Thjell kaupmannsdóttir frá Stykkishólmi. Hún var 31 árs gömul ekkja eftir Tómas Helgason lækni frá Görðum á Álftanesi þegar þau kynntust. Hún átti þrjú börn með Tómasi áður en að hann lést eftir svaðilför í læknavitjun. Hún þótti hörkutól og stundaði ráðskonustörf þar sem hún var með börnin með sér þar til hún kynntist Einari. Sigríður Lýdía og Einar eignuðust síðan tvö börn og Einar gekk börnum hennar í föðurstað. Frúin sá um að aka fjölskyldubílnum og hún hafði hesta um tíma í Skólastræti.

Hnitbjörg í samstarfi við Einar Jónsson

Ögerningur er að telja öll þau hús sem Einar teiknaði í stuttu kaffispjalli. Björn segir að í raun megi rekja margt í byggingarsögu Miðborgarinnar og gamla Vesturbæjarins til þess tíma er hann var að störfum. Bæði íbúðarhús og einnig opinberar byggingar. „Eitt frægasta hús sem Einar teiknaði eru Hnitbjörg á Skólavörðuholti sem hann vann í samstarfi við Einar Jónsson myndhöggvara 1916. Sameiginlega lögðu þeir nafnar í eitt og merkilegasta byggingarlistaverk frá öndverðri steinsteypuöld hér á landi. Húsið sem hýsir Listasafn Einars Jónssonar er í senn einfalt að formi til en kraftmikið ásýndum. Annað kröftugt hús og eitt það fallegasta í borginni er við Þingholtsstræti 29a. Einar teiknaði það fyrir dansk-rússneskan kaupmann A. Openhaupt að nafni er dvaldi hér um skeið

og hét húsið þá Villa Frida. Hann seldi húsið síðan Ólafi Þ. Johnen stofnanda Ó. Johnson og Kaaber sem nefndi það Esjuberg. Síðar komst þetta hús í eigu Reykjavíkurborgar sem notaði það fyrir Borgarbókasafnið þótt það hentaði aldrei því hlutverki. Eftir að Borgarbókasafnið flutti úr húsinu gegndi það ýmsum hlutverkum og þar bjó norski myndlistarmaðurinn Odd Nedrum um tíma og var þar með vinnustofu.“

Sturluhallir við Laufásveg

Í bók Björns er bent á margvíslega staði í Reykjavík sem bera hugmyndir og handbragð Einars. Eitt þeirra er Hafnarstræti 10 til 12. Stórhýsi Ásgeirs Sigurðssonar sem síðar komst í eigu Landsbankans og var eftir það rúið öllum sérkennum sínum. Einnig Lækjartorg 1 fyrir Pál Stefánsson sem rak bílaumbóðið. „Annað stórvirki Einars er Gamla bíó við Ingólfsstræti. Ofar við Ingólfsstræti, á horninu við Bankastræti eru hús sem Einar teiknaði og hefur allt frá 1926 sett sterkan svip á miðbærinn. Húsið á horninu var oftast kennt við Málarann, samnefnda verslun sem lengi var þar til húsa og nú er Sólon þar sem er einn þekktasti skemmtistaðurinn í miðborgarflórunni. Þá má nefna „Sturluhallirnar“ sem svo voru nefndar við Laufásveg. Bræðurnir Sturla og Friðrik Jónssynir reistu þessi hús sem voru næstum 2.000 fermetrar að stærð. Þetta var upp úr 1920 þegar hart var í ári, fátækt mikil og almenn húsnæðisekla í Reykjavík. Þeir bræður voru umsvifamiklir athafnamenn og fengust við verslun, landbúnað og margt fleira. Meðal viðskiptafélaga þeirra var Einar Benediktsson athafnamaður og skáld. Saman áformuðu þeir stórfelldar virkjanaframkvæmdir sem reyndar ekkert

varð af. Sturlubræður voru synir Jóns Péturssonar háyfirdómara en bræður hans voru Pétur Pétursson biskup og Brynjólfur Pétursson fjölnismaður. Friðrik átti konu Mörtu Mariu Bjarnþórsdóttur og barn en Sturla var einhleypur. Sagan segir að barnið hafi grátið á nóttunni og Sturla ekki þolað grátinn. Þess vegna hafi þeir látið reisa annað hús af sömu stærð og það fyrra en með bil á milli húsanna. Barn Friðriks sem átti að hafa grátið á nóttunni var dr. Sturla Friðriksson erfðafræðingur. Þessi tvö einbýlishús hafa nú verið tengd saman og rekur Reykjavíkurborg leikskóla í öðru þeirra en Söngskólinn er í hinu.“

Mjólkursamsalan, Ölgerðin og Menntasetrið við Lækinn

Björn segir að af mörgu sem megi taka af verkum Einars sé Mjólkursamsöluhúsið við Snorrabraut og hús Ölgerðarinnar við Njálsgötu sem nú eru horfin. Reisuleg hús úr smíðju hans megi finna við Laufásveg og Bergstaðastræti og síðan í Vesturbænum. “Vel þekkt hús eftir Einar er á horni Ljósvallagötu og Hringbrautar. Húsið var byggt sem einbýlishús fyrir Jónatan Þorsteinsson kaupmann og stóra fjölskyldu hans. Ýmsir þekktir borgarar og listamenn hafa búið þar og nú er húsinu skipt í fjórar íbúðir. Eins er Sólvallagata 2 reisulegt hús sem byggt var eftir teikningu Einars fyrir Lárus Lárusson fyrsta gjaldkera Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Annað hús í svipuðum dúr er Suðurgata 26. Byggt fyrir Margréti Jónsdóttur en var lengi í eigu Háskóla Íslands og nefndist þá Skólábær en er nú í eigu sendiráðs Kanada. Einar teiknaði einnig nokkur eftirtektarverð skólahús. Eitt af því er Lækjaraskólinn í Hafnarfirði. Barnaskóli Hafnarfjarðar til marga ára. Þar

er nú rekið Menntasetrið við Lækinn eftir að grunnskólinn var fluttur í annað húsnæði. Annað þekkt húsnæði sem Einar teiknaði í Hafnarfirði er Karmelklaustrið.“

Fljótur að átta sig á þróuninni

Björn segir að Einar hafi verið fljótur að átta sig á þeirri þróun sem átti sér stað í byggingarsögunni. Þegar á fjórða áratug liðinnar aldar hafi farið að rísa hús sem voru ólík öðrum sem byggt höfðu verið áður. Hús sem einkenndust af kassalegu lagi og án als skrauts. Hús þar sem notagildið var valið umfram eldri hugmyndafræði fúnksjónalisma. „Einar var fljótur að tileinka sér þessar þróun. Hann hóf að móta hús í þeim stíl. Eitt fyrsta dæmi um teikningu hans í þeim stíl er Skólavörðustígur 21a. Hús kennt við Fatabúðina. Einar teiknaði líka Klapparstíg 16 1937. Skrifstofu- og iðnaðarhús fúnkístíl. Áfram mætti telja.“

Erfitt að finna sum verkin

„Erfitt var að finna sum verka Einars,“ segir Björn Björn. „Nánast eins og um leynilögreglustarf hafi verið að ræða. Mjög litlar heimildir hafi verið að finna í bókum og ritum. Hann hafi meðal annars verið spurður um hvað Einar hafi gert. Hvort hann hafi einkum verið aðstoðarmaður Guðjóns Samúelssonar. „Hann var það vissulega en margt fleira liggur eftir hann. Ég á orðið mörg spor um bæ og byggðir við að leita að verkum hans. Þau leynast víða. Bera honum vitni. Ég þori að fullyrða að fáir hafa sett meiri svip á reykvískt umhverfi á tímum mikillar þróunar en hann og spor hans liggja víðar. Hann var myndasmiður í íslenskri byggingalist í hálfa öld.“ segir Björn að lokum.



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafaryfirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sína, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

www.grantthornton.is



Barnabílstólar í úrvali





BÍLASMIÐURINN hf

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

SEAT FIX	AIR CIRCULATION SYSTEM	LIGHT WEIGHT	ECE NORM R 44/04
HERO	ISO FIX	ADVANCED ((SIDE)) PROTECTION	3 POINT BELT

Vill byggja við Urðarstíg 4



Sótt hefur verið um leyfi til að byggja tveggja hæða viðbyggingu með steiptum kjallara, timburmilliplata, útveggir og þak við suðurhlíð hússins við Urðarstíg 4.

Húsið var byggt árið 1922 fyrsti eigandi var Þorsteinn Jónsson. Árið 1981 fékkst leyfi til að byggja viðbyggingu við húsið. Þá var gerður nýr og stærri inngangur við norðurvesturgöf hússins, steinsteypur og með timburklæðningu. Árið 1987 var og samþykkt að byggja sólpall og garðskála úr timbri og gleri við húsið. Sólpallur var þá reistur við suðurgöf hússins og garðskáli við bakhlið inngönguskúrsins. Núverandi eigandi hússins er Þórir Jónsson Hraundal miðaustur-landafraeðingur og háskólakennari.

Fjórir sorpflokkar teknir upp



Unnið við flokkun sorps í Sorpu.

Nýjar reglur og lög um flokkunarkerfi sorps taka gildi um áramótin. Eftir það verður að flokka lífrænan úrgang eins og matarúrgang sér. Hann má ekki vera með öðrum blönduðum úrgangi. Pennan lífræna úrgang má ekki setja í plastpoka, heldur sérstaka pappirspoka.

Þessari reglu hefur verið fylgt um árabil hjá mörgum sveitarfélögum víða um land, en ekki á höfuðborgarsvæðinu, þar sem mismunandi flokkunarreglur eru í gildi. Nú verður flokkun í sorptunnur við íbúðarhús og fyrirtæki fjórþætt. Pappír, plast, lífrænn úrgangur og blandaður úrgangur. Gler, járn og textíll verður síðan að setja í grenndargáma.

Tunnur fyrir þessa fjóra flokka verða settar upp við íbúðarhús og fyrirtæki. Hægt verður að fá tvískiptar tunnur ef menn kjósa svo. Áætlað er að núverandi fyrirkomulagi verði skipt út í áföngum á næsta ári á höfuðborgarsvæðinu.

Sorpmagn á íbúa hefur dregst saman á milli ára. Reykvíkingar skila af sér minnstu magni úrgangs á höfuðborgarsvæðinu, eða 129,9 kg á íbúa en Garðbæingar mestu, 155 kg á íbúa. Þetta kemur fram í rannsókn Sorpu á húsasorpi fyrir árið 2021 en með húsasorpi er átt við þann úrgang sem settur er í gráu tunnuna. Lífrænn úrgangur vegur þýngst í húsasorpinu og plast kemur þar á eftir.

Drafnarstígur 3 er horfinn

- verður endurbyggður á lóðinni

Húsið við Drafnarstíg 3 hefur verið rífið. Húsið var lengi í eigu Jóhönnu Kristjónsdóttur blaðamanns, ferðamálafrömuðar og rithöfundar. Þorsteinn Máni Hrafnsson barnabarn hennar festi kaup á húsinu af frændsystkinum sínum eftir hennar dag.

Þar sem húsið var talið ónýtt vegna myglu var sótt var um leyfi til að byggja einbýlishús á tveimur hæðum auk kjallara og steiptar undirstöðu. Kjallari og milliplata jarðhæðar, útveggir, milliplata efri hæðar og þak verða úr timbri og klætt bárujárn, á lóð nr. 3 við Drafnarstíg. Þorsteinn Máni Hrafnsson kvikmyndagerðarmaður sem búsettur hefur verið í Kanada er sonur Hrafn heitins Jökulssonar, sonar Jóhönnu, og Elísabetar Ronaldsdóttur sem er velþekkt í alþjóðlegum kvikmyndaheimi fyrir kvikmyndaklippingar sínar. Nú er húsið horfið af lóðinni og Þorsteinn Máni ætlar að byggja annað á sama stað.



Þorsteinn Máni Hrafnsson og Joey Chan kona hans ásamt frændsystkinum hans þeim Veru Illugadóttur Jökulssonar og Kristjóni Kormáki syni Elísabetar Jökulsdóttur í garðinum við gamla á Drafnarstíg sem nú er horfið.

Sérhæfð lögfræðipjónusta með áherslu á 60+

Ráðgjöf varðandi húsnaðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is

Við eigum frábært úrval af yfirhöfnum í stærðum 38-60



belladonna



Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is








Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu.

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Bergsteinar
legsteinagerð



Gledilega Kvætið



Grund 100 ára

Öldrunar og hjúkrunarheimilið Grund varð 100 ára 29. október sl. Grund var fyrsta heimili sinnar tegundar í Reykjavík og var leiðandi í þjónustu við heldri borgara um áratugaskeið. Auk Grundar teljast Ás í Hveragerði og Mörk í Reykjavík til Grundarheimilanna. Haldið var upp á þessu merku tímamót með afmæliskaffi. Fyrst á Mörk. Síðan var afmæliskaffi fyrir heimilismenn Grundar sem stóð í tvo daga og að lokum var blásið til afmæliskaffis í Ási í Hveragerði. Afmælinu lauk með veglegri árshátíð starfsfólks þangað sem mættu allt að 650 manns.

Í tilefni tímamótanna ritaði Gísli Páll Pálsson, forstjóri Grundarheimilanna grein á heimasíðu Grundar. Hann segir frá upphafi heimilanna sem rekja megi til líknarfélagssins Samverjans sem Sigurbjörn Ástvaldur Gíslason langafi sinn hafði forgöngu um ásamt fleiri góðum mönnum. Félagið hafi haldið skemmtisamkomur og safnaði þannig fé auk þess að fá gjafafé frá Reykvíkingum. Hann segir að býlið Grund við Sauðagerðistún hafi verið keypt og tekið í notkun þann 29. október árið 1922. Grund við Hringbraut hafi síðan byggð og tekin í notkun í september 1930.

Haraldur Sigurðsson var fyrsti ráðsmaður Grundar en féll frá haustið 1934 eftir skammvinn veikindi. Gísli Páll segir að í hans stað hafi afi sinn Gísli Sigurbjörnsson verið ráðinn til að styra Grund. Fyrst tímabundið en hann hafi síðan staðið vaktina þar í 60 ár að hann féll frá. Móðir Gísla Páls Guðrún Birna tók við Grund og var forstjóri heimilisins í 25 ár eða til 1. júlí 2019 að Gísli Páll tók við.

Óþrjótandi tækifæri

Grípum hér beint niður í grein Gísla. „Grund var lengi eina hjúkrunarheimili landsins og leiðandi í slíkri þjónustu um áratugaskeið. Afi heitinn byggði Grund upp, stofnaði til elliheimilisrekstrar í Hveragerði árið 1952 í samstarfi við Árnesinga og byggði við og bætti þar í bæ auk þess að auka verulega við húsakost við Hringbrautina. Grundarheimilin í dag eru þrjú, Grund, Ás og Mörk. Starfsemi í Mörkinni hófst árið 2010 þegar við tókum að okkur rekstur 113 rúma hjúkrunarheimilis við Suðurlandsbraut 66 auk þess að kaupa af Landsbankanum 78 íbúðir og leigja þær út til 60 ára og eldri. Sú starfsemi stækkaði verulega að umfangi árið 2018 þegar við byggðum 74 slíkar íbúðir til viðbótar

þeim sem fyrir eru. Á Grund stendur til að halda áfram breytingum herbergja þannig að allir heimilismenn eigi kost á eins manns herbergi með sér baðherbergi. Þá stendur til að byggja kaffihús í suðurgarði Grundar þar sem gengið verður út frá núverandi matsal starfsmanna. Hægt verður að ganga út úr kaffihúsinu út í garð þar sem verða bekkir, runnar, blóm og tré og hægt að eiga þar notalega stund með kaffi og kleinu eða léttvinsglas.“ Gísli Páll endar grein sína á að segja framtíð Grundarheimilanna bjarta. Aldurssamsetning þjóðarinnar sé með þeim hætti að við blasi óþrjótandi tækifæri til að veita margskonar öldrunarþjónustu, jafnt á vegum hins opinbera sem og á einkamarkaði.

Hraðar þjóðfélagsbreytingar

Þjóðfélagið breyttist hratt á fyrstu áratugum 20. aldarinnar en ekki voru komin eftirlaun og ellilífeyrir. Fólk sem var protið að vinnuþreki átti því erfitt uppdráttar. Markmiðið með stofnun Grundar var að bregðast við þessu. Fyrstu íbúar fluttu inn dagana áður en Grund var formlega opnuð. Daginn fyrir formlega opnun sagði Morgunblaðið að sex væru þegar fluttir inn og líklega sex til viðbótar þann sama dag. Eftir var til opnunarhátíðar með fjölda ávarpa og söng. Engum var boðið með sérstökum boðsbréfum, meðal annars vegna þess að heimilið vantar enn stóla í stofurnar, en allir eru velkomnir, einkum bæjarstjórn, fátækrafulltrúar og allir styrktarmenn hælisisins. Nokkrum dögum síðar sagði Morgunblaðið frá þeim ræðum sem voru fluttar. Þar var opnun Grundar tekin sem dæmi um breytt viðhorf fólks. Sigurður Jónsson, sem var settur borgarstjóri á þessum tíma, sagði að áður fyrir hefðu óvinnufærir menn orðið að deyja drottni sínum en nú



Öldrunar- og hjúkrunarheimilið Grund við Hringbraut.

kæmi slíkt ekki til greina. Sigurbjörn Á. Gíslason, einn forvígismanna að stofnun Grundar, þakkaði fyrir örlæti og góðan stuðning sem gerði kleift að opna hús sem rúmaði 22 til 23 einstaklinga. Fjárhagurinn væri ekki mjög góður en þó ekki hætta á gjaldþroti. Hann taldi þó líklegt að húsið fylltist fljótlega og að stofna yrði fleiri gamalmennahæli. Hann sagði engar reglur gilda um heimilisfólk nema kannski eina að fólk ætti að „bera hvers annars byrðar“.



Gísli Páll Pálsson, forstjóri Grundarheimilanna og barnabarn Gísla Sigurbjörnssonar.

Helgihald í Dómkirkjunni um jól og áramót

Fimmtudagur 15. desember
Jólatónleikarnir hjá Menntaskólanum
í tónlist klukkan 18:00.

Laugardagur 17. desember
Rakarakvartettinn Barbari heldur jólatónleika með
bandarískum blæ kl. 17.00.
Flutt verða bæði hugljúf og hress jólalög,
en áhersla er á djassaðan og drífandi hljómagang.
Miðasala á tix.is eða við hurð.

Sunnudagur 18. desember
Messa kl. 11.00.
Séra Sveinn Valgeirsson prédikar,
Guðmundur Sigurðsson og Dómkórinn.

Mánudagur 19. desember
Samsöngstónleikar Hljómeysis kl. 21.00.
Á tónleikunum mun kórinn flytja áheyrendum nokkur falleg
jólalög og leiða jólalegan samsöng með tónleikagestum

Þriðjudagur 20. desember
Tíðasöngur kl. 9.15
og bæna- og kyrrðarstund kl. 12.00.

Miðvikudagur 21. desember
Tíðasöngur kl. 9.15.
Dásamlegir jólatónleikar Dómkórsins kl. 22.00.
Aðgangur er ókeypis.

Fimmtudagur 22. desember
Mozart við kertaljós kl. 21.00.
Að venju lýkur tónleikunum á jólasálminn góða
„Í dag er glatt í döprum hjörtum“.

24. desember aðfangadagur jóla
Dönsk messa kl. 15.00.
Prestur séra María Guðrúnardóttir Ágústs dóttir
Kári Þórnar organisti

Starfsfólk og sóknarnefnd Dómkirkjunnar
óska sóknarbörnum og landsmönnum öllum
gleðiríkra jóla og Guðs blessunar á nýju ári.

Aftansöngur kl. 18.00.
Sr. Elinborg Struludóttir prédikar,
sr. Sveinn Valgeirsson þjónar fyrir altari.
Guðmundur Sigurðsson og Dómkórinn.

Miðnæturguðþjónusta kl. 23.30.
Þá verða lesnir og sungnir níu lestrar og sálmar
í Dómkirkjunni. Guðsþjónustan á sér fyrirmynd í
guðsþjónustu sem fram hefur farið í Kings College í
Cambridge á Bretlandi óslitið frá 1918 og hefur þessari
guðsþjónustu verið útvarpað á BBC frá 1928.
Á milli lestra syngur söfnuðurinn jólasálma.
Dómkirkjuprestarnir og Pétur Núi Stefánsson organisti
leiða guðþjónustuna.

Jóladagur 25. desember
Hátíðarguðþjónusta kl. 11.00.
Biskup Íslands frú Agnes M. Sigurðardóttir prédikar og séra
Elinborg Sturludóttir þjónar fyrir altari.

Mánudagur 26. desember
Séra Sveinn Valgeirsson prédikar og þjónar fyrir altari,
Guðmundur Sigurðsson og Dómkórinn.

Þriðjudagur 27. desember
Bach tónleikar Ólafs Elíassonar kl. 20.00-20.30.

Gamlársdagur 31. desember
Aftansöngur séra Sveinn Valgeirsson prédikar og
þjónar fyrir altari. Guðmundur Sigurðsson organisti og
Dómkórinn.

Nýársdagur 1. janúar 2023
Hátíðarmessa klukkan 11.00.
Biskup Íslands frú Agnes M. Sigurðardóttir prédikar og
séra Sveinn Valgeirsson þjónar fyrir altari. Guðmundur
Sigurðsson organisti og Dómkórinn.



Óskum viðskiptavinum
okkar gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.
Þökkum viðskiptin
Starfsfólk
Hársnyrtistofunnar Permu



HÁRSNYRTISTOFA
EIDISTORGI 13 - 15
Símar: 561 1160 OG 561 1162

ZONNIC NIKÓTÍNÚÐI

HAGKVÆMUR KOSTUR TIL AÐ HÆTTA AÐ REYKJA



zonnic® TAKTU STJÓRNINA!

Zonnic Pepparmint munnholsúði inniheldur nikótín 1mg/úða, og er ætlaður til meðferðar við tobaksfíkn. Ráðlagður skammtur er 1-2 úðar á þeim tíma sem sigarettar væri venjulega reykt eða ef löngun gerir vart við sig. Úða skal munnholsúðanum á milli kinnar og tanna. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins.** Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir, sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. Nicovum AB. NIC220801 – Ágúst 2022

Dómkirkjan er kirkja allra landsmanna

- segir Einar S. Gottskálksson formaður sóknarnefndar

Einar S. Gottskálksson tók við formennsku í sóknarnefnd formaður sóknarnefndar Dómkirkjunnar á linu sumri. Einar er Seltirningur og ólst upp á Seltjarnarnesi þar til hann flutti að heiman. Einar hefur starfað fyrir Neskirkju um nokkurn tíma og verið varaformaður sóknarnefndarinnar þar til hann tók við formennskunni af Marinó Þorsteinssyni. Einar hefur starfað við timbur eiginlega allt sitt líf. Fjölskylda hann stofnaði Harðviðarval á sínum tíma og þar starfaði Einar við föður síns Gottskálks Eggertssonar og fjölskyldunnar þar til hann festi ásamt sinu fólki kaup á fyrirtækinu Agli Árnasyni. Í dag rekur fjölskyldan Harðviðarval og Egil Árnason sem bæði fást við umsýslu með timbur. Einar settist niður með Vesturbæjarblaðinu í Sigríðarstofu í safnanaðheimili Dómkirkjunnar.

„Ég er Seltirningur en fer af Nesinu um tvítugt þegar ég var kominn með heimili og við höfðum eignast okkar fyrstu íbúð. En það höfðu myndast tengsl við Seltjarnarnes sem eru gríðarlega sterk. Þarna lágu fyrstu skrefin. Eftir að skólagöngunni á Nesinu lauk fór ég fyrst í Lindargötuskólann og þaðan í Verslunarskólann. Ég vissi ekki alveg hvað ég vildi eins og gerist stundum á þeim árum. Ég lauk verslunarprófi 1974. Strax eftir það fór ég að vinna með föður mínum Gottskálk Eggertssyni sem þá rak fyrirtæki í timburinnflutning ásamt öðrum manni. Fjórum árum síðar 1978 stofnuðum við feðgarnir fyrirtækið Harðviðarval. Okkur gekk strax vel og fyrirtækið óx og dafnaði og þar vann ég með föður mínum í 30 ár. Í hruninu 2008 festum við, ég og mín fjölskylda kaup á fyrirtæki sem heitir Egill Árnason og hafði verið stofnað á fjórða áratug liðinnar aldar. Faðir minn var þá kominn á aldur eins og sagt er og hættur að vinna og ég hef verið að reka þessi fyrirtæki með fjölskyldunni síðan. Ég á tvo syni og eina dóttur og þau eru öll að vinna með okkur í þessum fyrirtækjum.

Saga á bak við starfið við Dómkirkjuna

Hvenær fór Einar að starfa fyrir Dómkirkjuna. Að baki því er saga. „Föðuramma mín Ragnhildur Gottskálksdóttir sem bjó í Tjarnargötunni var trúð kona. Hún var lækningamiðill, hjálpaði mörgum með sínum krafti. Mér er hvað minnisstæðast varðandi hana að þangað heim var stríður straumur af fólki. Síminn stoppaði oft ekki. Eggert afi minn starfaði sem lýsismatsmaður. Var eini konunglegi lýsismatsmaðurinn hér á landi. Hann hafi ærinn starfa en tók líka að sér að aðstoða ömmu. Hann var að svara í símann og taka niður skilaboð og beðnir um fyrirbænr frá allskonar fólki. Hann hefur áttað sig á hvað þetta var mikilvægt. Þetta mótaði vissulega viðhorf mín til trúarinnar. En lífið heldur áfram og árið 2005 fer ég að venja komur mínar í Dómkirkjuna. Ég fór að fara í messur hjá séra Hjálmari Jónssyni sem þá var dómkirkjuprestur og líka séra Jakobi Ágúst Hjálmarssyni. Þetta eru miklir prýðismenn. Eitthvað dró mig að Dómkirkjunni sem ég kann ekki að skýra. Ég finn að það er eitthvað sem kallar. Ég hef verið í sóknarnefnd Dómkirkjunnar síða 2006. Ég hef verið með mörgu góðu fólki. Lengst hef ég verið með Marinó Þorsteinssyni vini mínum í sóknarnefnd sem var búinn að vera formaður í næstum tvo áratugi. Við Marinó höfum átt mikið og farsælt samstarf. Mér finnst hafa verið mjög gefandi að hafa fengið tækifæri til að vinna með öllu þessu góða fólki sem hér hefur verið við störf. Prestum, kirkjuhöldurum og öðrum sem komið hafa við sögu. Hér er fyrst og fremst gott fólk sem vill vel. Ágætlega hefur farið á með fólki og okkur hefur tekist að láta það jákvæða og góða vera í farrúmi. Láta kærleikann njóta sín. Ég tók við sem formaður í september á þessu ári eftir að hafa verið varaformaður í nokkuð mörg ár.“

Helgidómur Íslendinga

Einar bendir á að Dómkirkjan



Einar Þorsteinsson til hægri á myndinni ásamt Marinó Þorsteinssyni fyrrverandi formanni.

í Reykjavík sé ekki stærsta kirkja landsins. „En hún er höfuð-vettvangur og safngler helstu atburða íslenskrar kirkjusögu síðustu tvær aldirnar sem spannar fimm tung af heildarsögu kristni í landinu. Hún ein er kirkja allra landsmanna. Helgidómur Íslendinga. Þar minnst með þjóðhátíðardagsins. Þar eru sungnar messur áður þingsetning fer fram og fleira mætti telja. Þetta er svolítið þungur texti en það sem ég vil segja með þessu er að við áttum okkur á því að í þessari fallegu einstöku gersemi okkar hafa fjölmargar gleði- og sorgarstundir Reykvíkinga og fleiri farið fram. Þetta er ekki lítið hlutverk og ábyrgð okkar sem hér höldum um stjórn og störf í dag er mikil að varðveita þetta.“



Frá aðventukvöldi í Dómkirkjunni. Hér er Einar með móður sinni Guðrúnu Einarssdóttur.

Nótt við dag að jarða

Einar minnst frásagna af tíma Spönsku veikinnar 1918 sem geisaði hér á sama tíma einir misstu frostkuldar sögunnar hrjáðu landsmenn. „Dómkirkjuprestarnir séra Bjarni Jónsson og séra Jóhann Þorkelsson stóðu þá nótt og dag við að jarða. Þeir höfðu ekki undan og líkkistusmiðir ekki heldur. Móðurafi minn var Einar Sigurðsson á Aðalbjörgu sem var eins mikill Vesturbæingur og hægt var. Hann sagði mér frá því að þegar hann var 12 ára veturinn 1918 og var sendur af Bráðræðisholtinu þar sem hann átti heima og niður í apótek til þess að ná í lyf. Allir voru veikir heima nema hann. Og hann mætti heldur engum á leiðinni fram og til baka. Engin var á ferli.“

Veigamikið hlutverk á jólum

Einar snýr sér að komandi jólahátíð. Hann segir Dómkirkjuna gegna veigamiklu hlutverki á jölunum. „Kluknahljómur kirkjuklukkna Dómkirkjunnar kl. 18 á aðfangadagskvöld er stór stund í lífi flestra okkar. Þá hringja

klukkur hennar inn jólin, sem er ein helsta hátíð okkar kristinna manna. Kærleikshátíð sem opnar hjörtu okkar fyrir því að láta gott af okkur leiða í samskiptum við aðra menn. Það er gott að geta hjálpað öðrum. Okkur líður vel þegar við sjáum að öðrum líður vel. Það er gullna reglan. Þá eru jólin tími hefða þar sem við viljum halda í ákveðna hluti í matargerð og minningar frá barnæsku koma upp í hugann. Jólaskrautið er tekið fram. Ilmur af greni berst að vitum okkar. Þetta er allt hluti af því að fanga jólastemninguna. Á jólahátíðinni finnum við að við viljum hjálpa þeim sem hjálpar eru þurfandi. Við heimsækjum fólk sem er á hjúkrunarheimilum, spítölum, öldrunarheimilum. Við gefum til hjálparstarfs. Jólin opna hjörtu okkar með kærleikann að verki Jólin eru kærleikans hátíð. Jólasálmarnir góðu, Heims um ból, Nóttin var sú ágæt ein, Í dag er glatt í döprum hjörtum, og fleiri vekja upp góðar og kærar minningar.“ Við endum spjallið á þessum lokaorðum formanns sóknarnefndar Dómkirkjunnar.





aurum

BY
GUÐBJÖRG

ÖRNINN ER LENTUR

NÝ SKARTGRIPALÍNA

www.aurum.is

Bankastræti 4, 101 Reykjavík

Alþingisgarðurinn

Elsti garður við opinbera byggingu

- Tryggvi Gunnarsson bankastjóri gerði garðinn og er grafinn þar

Garðurinn við Alþingishúsið eða Alþingisgarðurinn er elsti garður við opinbera byggingu á Íslandi. Undirbúningur að gerð hans hófst með umræðu á Alþingi í ágúst 1893 skömmu fyrir þingslit. Skipuð hafði verið nefnd þingmanna til þess að móta tillögu að því hvernig ganga skyldi frá lóð Alþingis. Tillögur nefndarinnar voru um að búa til skemmtigarð fyrir sunnan þinghúsið þar sem þingmenn gætu setið og gengið sér til skemmtunar og einnig að koma upp bárujárnsgirðingu umhverfis garðinn til skjóls fyrir trjágróður. Síðan skyldi leggja steyptar hellur fyrir framan garðinn út að Austurvelli.

Miklar umræður urðu í þinginu um tillögur nefndarinnar og í gögnum má sjá því fleygt að þær hafi líkst því að þingið hafi beyst í málfund um garðrækt en fram til þess hafði garðyrkja helst tengst ræktun matjurta. Árni Thorsteinsson var landfógeti á þessum tíma og einnig mikill frumkvöðull um garðrækt. Hann taldi margt að tillögum nefndarinnar og í skjölum sem finna má hefur komið í ljós tillögur hans að fyrirkomulagi á lóðinni eru mikið frábrugðnar endanlegri gerð lóðar. Eftir miklar umræðu samþykkti Alþingi 1.500 króna framlag til

framkvæmda en fjármunirnir lágu að nokkru fyrir í sjóði.

Tryggvi tók við framkvæmdum

Benedikt Sveinsson var forseti Alþingis á þessum tíma. Að tillögu hans var Tryggva Gunnarssyni alþingismanni falið að stjórna framkvæmdum. Tryggvi hafði þá nýlokið umsjón með byggingu brúar yfir Ölfusá við Selfoss og áður hafði hann verið byggingarstjóri við byggingu Alþingishússins. Í skjalasafni Tryggva Gunnarssonar, sem varðveitt er í Seðlabanka Íslands, kom í ljós uppdráttur með handbragði Tryggva. Þegar uppdráttur er borinn saman við garðinn eins og hann lítur út kemur í ljós að garðurinn er lítið breyttur frá þeirri hugmynd. Á síðasta ári voru liðin 110 ár síðan grunnur var lagður að garðinum en framkvæmdir við gerð hans hófust haustið 1893 og stóðu fram eftir næsta ári en var að mestu lokið haustið 1894.

Tryggvi grafinn í garðinum

Tryggvi Gunnarsson sá um framkvæmdina í upphafi og hreifst svo af starfinu að hann tók að sér að vera eins konar garðyrkjustjóri í garðinum. Fyrstu árin með öðrum störfum, þar á



Blómabeð að sumarlagi í Alþingisgarðinum.



Mynd af Alþingishúsinu nýbyggðu árið 1881 við hlið Dómkirkjunnar. Athygli vekur hversu húsið er nálægt yfirborði Tjarnarinnar.

meðal bankastjórastarfinu, og eftir að hann hætti afskiptum af stjórnmálum og öðru veraldarvafstri varð það sumarstarf hans að sjá um hirðingu garðsins allt til dauðadags 1917. Tryggvi tók miklu ástfóstri við garðinn og óskaði eftir því að fá legstað þar að sér látnum. Öll tilskilin leyfi voru fengin til þess að koma til móts við óskir hans og er hann grafinn nærri suðurhlið garðsins miðri. Yfir leiði hans er minnisvarði,

brjóstmynd og lágmýnd í stöpulinn, gerður af Ríkarði Jónssyni. Upp úr 1990 var lagt í viðhald og endurnýjun í garðinum og síðan þá er hann í umsjá garðyrkjudeildar Reykjavíkurborgar. Framan af var garðurinn aðeins opinn um helgar í fáeinar klukkustundir í senn. Fljótt kom í ljós að almenningur lagði lítt leið sína þangað. Garðurinn varð engu að síður vinsæll sem bakgrunnur í myndatökum og eru til ótal myndir frá fyrri tíð

af stúdentum, kærustupörum að ekki sé talað um myndir af starfsmönnum þings, þingmönnum og þingfloknum sem gjarna stilla sér upp í garðinum.

Heimildir. Morgunblaðið, Ungmennavefur Alþingis, Bragi Bergsson. 2012. Almenningsgarðar á Íslandi. Ritgerð til MA-prófs. Háskóli Íslands, Hugvísindasvið.

Einar I. Erlendsson og verk hans

Húsameistari í hálfa öld



Höfundur
Björn G. Björnsson



Húsameistari í hálfa öld
Einar I. Erlendsson og verk hans



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utforin.is ♦ Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is ♦ Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!


3ja ára ábyrgð



JS LJÓSASMIÐJAN

VÉLAVERKSTÆÐI
SLATTUVELAPJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661



HALLGRÍMS KIRKJA

ÞINN STAÐUR UM HÁTÍÐARNAR

18. desember – 4. sunnud. í aðventu

11.00 Fjölskylduguðsþjónusta

Prestur og barnastarf: Sigurður Árni Þórðarson og Kristný Rós Gústafsdóttir djákni
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson
Kórstjóri: Sunna Karen Einarsdóttir
Graduale Futuri syngur og flytur helgileik
Jólaball í safnaðarsalnum eftir guðsþjónustuna

17.00 Syngjum jólin inn!

Kórsöngur, almennur söngur, & lestrar
Kór Hallgrímskirkju, stjórnandi Steinar Logi Helgason
Kór Breiðholtskirkju, stjórnandi Örn Magnússon
Kór Neskirkju, stjórnandi Steingrímur Þórhallsson
Björn Steinar Sólbergsson, orgel
Lesarar:
Sr. Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands
Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Hallgrímskirkju
Sr. Jón Ómar Gunnarsson, Breiðholtskirkju
Sr. Sigurður Árni Þórðarson, Hallgrímskirkju
Sr. Skúli Sigurður Ólafsson, Neskirkju

24. desember – aðfangadagur

18.00 Aftansöngur

Prestur: Irma Sjöfn Óskarsdóttir
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson
Kórstjóri: Steinar Logi Helgason
Kór Hallgrímskirkju syngur
Einsöngur: Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir

23.30 Guðsþjónusta á jólanótt

Prestur: Sigurður Árni Þórðarson
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson
Kórstjóri: Hreiðar Ingi Þorsteinsson
Kór Menntaskólans við Hamrahlíð syngur

25. desember – jóladagur

14.00 Hátíðarmessa

Prestur: Irma Sjöfn Óskarsdóttir
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson
Kórstjóri: Steinar Logi Helgason
Félagar í Kór Hallgrímskirkju syngja
Einsöngur: Benedikt Kristjánsson
Flautuleikur: Áshildur Haraldsdóttir

16.00 Guðsþjónusta á ensku

Prestur: Bjarni Þór Bjarnason

26. desember – annar í jólum

14.00 Guðsþjónusta

Prestur: Sigurður Árni Þórðarson
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson
Forsöngvari: Hildigunnur Einarsdóttir

17.00 Orgeltónleikar

Björn Steinar Sólbergsson, orgel

Aðgangseyrir 3.000 kr. (miðar í kirkju og á www.tix.is)

31. desember – gamlársdagur

16.00 Hátíðarhljómar við áramót

Gunnar Kristinn Óskarsson, trompet
Ólafur Elliði Halldórsson, trompet
Gunnar Helgason, básúna
Steinn Völundur Halldórsson, básúna
Björn Steinar Sólbergsson, orgel

Aðgangseyrir 4.000 kr. (miðar í kirkju og á www.tix.is)

31. desember – gamlárskvöld

18.00 Aftansöngur

Prestar: Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Sigurður Árni Þórðarson
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson
Kórstjóri: Steinar Logi Helgason
Kór Hallgrímskirkju syngur
Einsöngur: Sólbjörg Björnsdóttir

1. janúar – Nýársdagur

14.00 hátíðarmessa

Prestur: Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Sigurður Árni Þórðarson
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson
Kórstjóri: Steinar Logi Helgason
Félagar úr Kór Hallgrímskirkju syngja

Fleira fróðlegt og skemmtilegt í desember:

Jólin hans Hallgríms

Sýningin Jólin hans Hallgríms er í Hallgrímskirkju í desember og er nú haldin í áttunda sinn. Sýningin er fyrir börn á öllum aldri. Hallgrímskirkja býður leikskóla- og grunnskólabörnum í Reykjavík og nágrenni að koma í heimsókn í Hallgrímskirkju í aðdraganda jólanna.

Í heimsókninni er sagt frá því hvernig jólin voru fyrir 400 árum á Íslandi og börnin fá stutta endursögn úr bókinni Jólin hans Hallgríms eftir Steinunni Jóhannesdóttur og myndir eftir Önnu Cynthiu Leplar. Bókin segir frá undirbúningi jólanna hjá drengnum Hallgrími Péturssyni og fjölskyldu hans.

Mánudagar

12.00 Bænastund við Maríumyndina

18.00–19.30 Örkin og unglingarnir

Fyrir unglinga í 8.–10. bekk. Jólafundir í desember.

Þriðjudagar

14.15–15.00 Kirkjukrakkar

Starfið er fyrir 6–9 ára. Ýmislegt jólalegt brallað í desember.

Miðvikudagar

10.00 Morgunmessa

10.00–12.00 foreldramorgnar í kórkjallara

Jólaögin sungin með krílunum í desember. Heitt á könnunni.

Fimmtudagar

12.00–12.30 Kyrrðarstundir

Íhugun og orgelleikur.

Kvöldkirkja

Í Hallgrímskirkju og Dómkirkjunni eru kvöldkirkjur hálfsmánaðarlega. Í Hallgrímskirkju 22. desember, frá kl. 20.00–22.00. Íhugun, kyrrð og tónlist.

Landakotsskóli

Skrekkstunga hlaut verðlaun



Þessir krakka úr Landakotsskóla tóku þátt í Skreknum í liðnum mánuði.

Landakotsskóli hlaut sérstök íslenskuverðlaun á úrslitakvöldi hæfileikahátíðar reykvískra unglinga fyrir atriðið Velkomin til Íslands sem fjallaði um hvernig það er að koma til nýs lands og kunna ekki tungumálið.

Íslenskuverðlaun Skrekkstungan voru nú veitt í fyrsta sinn. Rökstuðningur dómnefndar var þessi atriði Landakotsskóla þótti sýna skapandi tjáningu á íslensku, sló eign sinni á íslenska tungu og dregur fram jákvæð viðhorf til íslensku og málræktar. 18 nemendur úr öllum bekkjum unglingadeildar tóku þátt í Skrekk.

Skrekkstunguna fær það atriði sem þykir skara fram úr í skapandi notkun á íslensku. Markmið verðlaunanna er að styðja við jákvæð viðhorf gagnvart íslensku og draga fram möguleika íslensku í skapandi starfi. Bókmenntaborg og Miðja máls og læsis standa að verðlaununum. Eiríkur Rögnvaldsson var formaður dómnefndar, Aleksandra Kozimala fyrir hönd Miðju máls og læsis og Kjartan Már Ómarsson fyrir hönd Bókmenntaborgar.

Vinabekkir í Grandaskóla

Stofnað er til vinabekkja í Grandaskóli. Þá hittast nemendur mismunandi bekkja og eiga stund saman. Nýlega hittust nemendur í fjórða og fyrsta bekk og

spiluðu saman. Allir skemmtu sér vel eins og sjá má á myndunum og þessir félagar munu örugglega hittast aftur í vetur.



Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

ARC-TIC RETRO

KLASSÍSK ARMBANDSÚR FYRIR
DÖMUR OG HERRA

VERÐ FRÁ:

29.900,-



TILVALIÐ Í JÓLAPAKKANN

GILBERT
ÚRSMIDUR

Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Marinó hættir

Marinó Þorsteinsson hætti nýlega sem formaður sóknarnefndar Dómkirkjunnar eftir langan og farsælan feril í safnaðarstarfi og sóknarnefnd. Marinó var formaður endurbótarnefndar um aldamótin þegar gerðar voru gagngerar endurbætur á hinu forna kirkjuhúsi, einstaklega glöggur, ötull og samviskusamur.

Alla tíð hefur hann verið vakinn og sofinn yfir málefnum kirkjunnar og safnaðarins, og sinnt öllum málum hennar af fádæma fórnfýsi og dugnaði, og stutt við starfsfólk og sjálfbodaliða með ráðum og dád. Við formennsku tekur Einar S. Gottskálksson. Um leið og Marinó eru þökkuð hans dýrmætu störf fyrir Dómkirkjuna fyrr og síðar óskum við Einari allra heilla. Safnaðarstarfið í Dómkirkjunni hefur farið vel af stað í haust með ánægjustundum bæði í kirkjunni og safnaðarheimilinu við Lækjargötu. Nú stýttist í fæðingarhátíð frelsarans - verið hjartanlega velkomin í Dómkirkjuna.



Marinó Þorsteinsson ásamt Hrönn dóttur sinni stofnendan RIFF alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík sem hún hefur staðið fyrir í tvo áratugi.

ÁHUGAVERÐAR BÆKUR!



HRAFNINN

- stórbrotin bók, stútfull af sögum og fróðleik, um heimsins klókasta fugl.

STAFRÓF FUGLANNA

- afar falleg bók, eftir Árna Árnason, fyrrum kennara og nú fuglaljósmyndara. Sannkölluð fjölskyldubók!



STUNDUM VERÐA STÖKUR TIL ...

- skemmtileg atvik og viðburðir verða ljóslifandi í gleði og gáska þar sem skeytin fljúga í allar átti.

Bókaútgáfan Hólar
holabok.is / holar@holabok.is



Helgihald í Neskirkju um jól og áramót

Fjórði sunnudagur í aðventu, 18. desember

Guðspjónusta og barnastarf kl. 11:00.

Félagar úr Kór Neskirkju syngja undir stjórn Steingríms Þórhallssonar. Prestur er sr. Skúli S. Ólafsson. Söngur, sögur og gleði í sunnudagsskólanum. Umsjón Kristrún Guðmundsdóttir og Ari Agnarsson. Kaffi og hressing á torginu

Aðfangadagur, 24. desember Jólastund barnanna kl. 16.

Helgistund fyrir börn og fjölskyldur þeirra meðan beðið er eftir jölunum. Barnakór kirkjunnar syngur undir stjórn Steingríms Þórhallssonar. Viðstöddum býðst að taka þátt í að leika jólasöguna og við lifum okkur inn í gleði og hátíð jólaanna. Sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir leiðir stundina ásamt Rúnari Reynissyni og starfsfólki barnastarfsins.

Aftansöngur kl. 18.

Kór Neskirkju syngur undir stjórn Steingríms Þórhallssonar organista. Hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinssonar verður flutt. Ragnhildur Þórhallsdóttir syngur einsöng. Prestar eru sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir og sr. Skúli S. Ólafsson sem predikar.

Söngvar á jölanótt kl. 23.30.

Sungnir verða jólasálmur og vonartextar Biblíunar lesnir. Háskólakórinn syngur og leiðir söng undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar. Sr. Skúli S. Ólafsson leiðir stundina og flytur hugleiðingu. Þessi samvera færir okkur kyrrð og helgi eftir gleði og glæum kvöldsins.

Jóladagur, 25. desember Hátíðarmessa kl. 14.

Kór Neskirkju syngur og leiðir söng við undirleik Steingríms Þórhallssonar organista. Drengjakór Reykjavíkur syngur undir stjórn Þorsteins Freys Sigurðssonar. Hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinssonar flutt. Prestar eru sr. Skúli S. Ólafsson og sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir sem predikar.

Annar í jolum, 26. desember Helgistund og jólaball sunnudagaskólans kl. 11.

Samveran hefst á helgistund. Að henni lokinni hefst jólaball sunnudagaskólans þar sem gengið verður kringum jólatréð og sungið dátt. Góðir gestir kíkja við, gefa börnum jólaglaðning og skemmta ungum sem öldnum. Umsjá hafa prestar og starfsfólk barnastarfsins.


Gamlárskvöld, 31. desember Aftansöngur kl. 18.

Félagar úr kór Neskirkju syngja undir stjórn Steingríms Þórhallssonar organista. Hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinssonar flutt. Prestur er sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir.

Nýársdagur, 1. janúar

Hátíðarguðspjónusta kl. 14.

Kór Neskirkju syngur undir stjórn Steingríms Þórhallssonar organista. Hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinssonar flutt. Prestur er sr. Skúli S. Ólafsson.



Sendum viðskiptavinum okkar óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár, með kærri þökk fyrir viðskiptin á árinu.

Afgreiðslutími um jólin:

24. desember, Aðfangadagur	09.00 - 17.00
25. desember, Jóladagur	12.00 - 17.00
26. desember, Annar í jolum	10.00 - 22.00
31. desember, Gamlársdagur	09.00 - 17.00
1. janúar, Nýársdagur	12.00 - 17.00

PÉTURSBÚÐ
Ránargötu 15

Það er gott að geta gefið til baka

Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir, skartgripahönnuður og eigandi fyrirtækisins Aurum, er ættuð frá Ísafirði og ólst hún þar upp. Þar æfði hún skíði í mörg ár og var það hennar helsta áhugamál og ástriða. Þegar Guðbjörg var 17 ára gömul tók hún þá ákvörðun að fara sem skiptinemi út til Bandaríkjanna. Hún þurfti að senda frá sér umsókn og þar kom fram að hún væri að æfa og keppa á skíðum þar sem hún vildi helst fara til fjölskyldu sem væri með sama áhugamál og hún. Það var svo fjölskylda sem staðsett var á Bainbridge Island, eyja fyrir utan Seattle, sem var að leita að skiptinema sem valdi hana. Ástæðan fyrir valinu var einmitt sú að þessi fjölskylda var mikið á skíðum og faðirinn Peter O’Connor var einnig að kenna á skíðum í Crystal Montain.

Þegar Guðbjörg fer svo í ferðalagið sitt til Bainbridge Island tók á móti henni mjög hlý og góð fjölskylda. Strax og hún kom byrjaði hún að fara á hverri helgi með Peter O’Connor og fjölskyldu upp í fjall, þá bæði til að æfa og einnig til að keppa á skíðum.

Kynntist sínu framtíðar-starfi

Þegar Guðbjörg byrjaði svo í skólanum á Bainbridge Island þá voru hinir ýmsu val áfangar í boði. Einn þeirra var gullsmíði. Hún ákvað að velja þann áfanga, ásamt nokkrum öðrum sem henni fannst áhugaverðir, en eftir að hafa kynnst gullsmíðinni var ekki aftur snúið og hún fann neistann. Hún kom svo aftur heim til Íslands eftir árs dvöl í Bandaríkjunum og byrjaði að stunda 4 ára nám við gullsmíðaskólanum í Danmörku og í framhaldi af því nám í skartgripa hönnun í Danmörku. Það má taka það fram að eiginmaður Guðbjargar Karl Jóhann, fór út til Peter O’Conner og fjölskyldu í hálf ár eftir að Guðbjörg kom heim og kynntist því fjölskyldunni vel.

Peter O’Connor fellur frá

Það var svo fyrir þremur árum að Peter O’Connor lést. Hann var virtur arkitekt á eyjunni og voru margir sem þekktu hans verk vel. Hann teiknaði hin ýmsu merku hús þar, ásamt víðar, og m.a. leikhúsið á eyjunni. Eftir að Peter fellur frá var ákveðið að endurbyggja leikhúsið og er eitt herbergið í leikhúsinu tileinkað honum. Það var því leitað til hinna ýmsu aðila um fjárhagslegan stuðning við endurbyggingu leikhússins og verður það tilbúið í lok árs 2023. Það var einnig



Karl og Guðbjörg.

leitað til Guðbjargar og Karls um stuðning. Þau segja strax já, en Guðbjörg vildi gera þetta ennþá eftirminnilegra og persónulegra og eftir smá umhugsun þá fékk hún þá hugmynd að smíða veglegar silfur nælur (sem einnig er hægt að bera sem hálsmen), skartgripurinn er innblásinn af verkum Peters, hefur skírskotun í hans verk og persónuleika. Hann sagði „Each project is a puzzle. If the details don’t work the project falls apart. The quality of it is in the details“. Hugmyndin var að gera takmarkað magn af Nælunni 50 stykki sem færu í að fjármagna herbergið hans Peters. Nælurnar 50 seldust upp um leið og þær fóru í sölu.



Mynd tekin fyrir utan heimilið á Bainbridge Island.

Viðburður og viðhöfn

Afhending skartsins fór fram við sérstaka athöfn í nóvember sl. Þar sem allir komu saman sem keypt höfðu næluna og fengu hana afhenta. Guðbjörg sagði þar frá hönnunarferlinu og boðið var upp á íslenska drykki. Þau sem stóðu á bakvið söfnunina tóku ekki annað í mál en Guðbjörg og Karl kæmu út og yrðu viðstödd, sem þau gerðu. Að koma til baka, gista í sama herbergi og þegar þau voru 17 og 19 ára, dvelja með fjölskyldunni, kallaði fram margar góðar minningar. Það má til gaman geta að kennari Guðbjargar sem kenndi henni Gullsmíðaáfangan árið 1987, var viðstödd viðburðinn.

Gott að geta gefið til baka

Fjármögnun fyrir þessu glæsilega Leikhúsi á Bainbridge Island er langt komin og og eru Guðbjörg og Karl mjög stolt og ánægð að hafa verið partur af þessu fallega verkefni og geta þar af leiðandi gefið til baka. Bæði í málefnið, til O’Connor fjölskyldunnar og gefa þakklæti til baka þar sem Guðbjörg tók sín fyrstu skref sem gullsmíður.

Guðbjörg og Karl eiga og reka skartgripaverslunina Aurum, Bankastræti 4.

KRAFTVIKLIR KAPPAR

Kapparnir okkar hafa aldrei verið glæsilegri og fjölbreyttari. Þú finnur örugglega kappatertu við þitt hæfi.

Notum alltaf flugeldagleraugu, bæði börn og fullorðnir

Stafróf fuglanna

Ný mynda- og textabók eftir Árna Árnason Hafstað

Stafróf fuglanna er nýttkomin mynda- og textabók eftir Árna Árnason Hafstað. Í bókinni tengir hann bókstafi í íslenska stafrófinu við tiltekna fugla og birtir myndir af þeim við hvern texta. Árni hefur stundað fuglaljósmyndun um langt skeið meðfram öðrum störfum. Útgáfumálum, þýðingum og kennslu. Árni segir að eins og eins og titill bókarinnar gefi til kynna sé um að ræða kver ætlað yngstu kynslóðinni þar sem hægt er að kynna stöfunum og íslensku fuglalífi á einu bretti. Þótt bókinn sé einkum ætluð yngstu lesendunum ættu flestir að geta haft gaman af henni. Í henni er að finna ýmsan fróðleik. Ekki síst þann sem ljósmyndirnar bera í sér. Árni kveðst forfallinn áhugamaður um fugla og fuglamyndunum hefur verið honum ástríða um árabíl. Hann segir að sér hafi fundist vanta miðlun á þessum fallega þætti í íslenskri náttúru til barna og þá ekki síst yngri barna.

Árni kveðst alla tíð hafa verið heillaður af fuglum þótt hann hafi ekki farið að mynda þá fyrr en á seinni árum. "Fuglarnir eru sérstök fyrirbæri í náttúrunni og þeir hafa alltaf heilla mig. Þegar ég fór að ná meiri tökum á fuglaljósmyndun varð þetta stöðugt áleitinara áhugamál. Aterli fugla segir okkur mikið. Öll ferðalög þeirra til og frá landinu ekki hefur tekist að skýra fyllilega. Til dæmis ratvísi þeirra um langar leiðir. Yfir hafi. Og einnig mismunandi búsvæði þeirra eftir árstíðum. Hvað segir þeim fyrir um þennan lífsstíl og hvernig bera þeir sig að. Hvað stýrir þeim. Óskiljanlegt er hvernig litli fuglar geta komið hingað á eyju lang út í hafi ár eftir ár. Og koma aftur og aftur á sömu staðina. Þetta snýst um margt. Um fluggetuna. Hvernig súrefisupptöku



Árni Árnason Hafstað hefur eytt mörgum stundum á bak við myndavélina.

þeirra er háttáð og hvernig þeir geta nýtt þann næringarforða sem þeir hafa því ekki er um mikla fæðuöflun að ræða á löngu stöðugi flugi yfir úthafinu." Árni tekur dæmi um spóann sem flýgur í einni lotu allt frá Vestur Afríku hingað til lands. Flugleið sem er álíka löng og héðan til Kanaríeyja. Árni segir að mönnum hafi ekki tekist að skilgreina hvað stýrir ratvísi þessara fugla. "Þetta er leyndardómur sem gerir fuglafræðin meira spennandi en annars væri. Maður er endalaust að furða sig á tækni þessara fugla og getu." Árni segir að fuglar haf verið að setjast hér að á undanföllum árum sem ekki hafi haft hér búsvæði áður. Hann nefnir dæmi um svartpröstin sem er sestur hér að og hefur gert sig gildandi. "Hann þekktist ekki hér á landi fyrr 1990 nema sem einn og einn flækingur. Krossnefurinn

er einnig sestur að hér og glókollur. Eflaust eiga fleiri fuglar efir að koma hingað og setjast að." Árni segir að þetta kunni að stafa að hlýnun. Hlýrra loftsala dragi fuglana til nýrra svæði. Annað dæmi um það sé lóan. Hún sé farin að hafa vetursetu hér á landi sem ekki hafi áður verið svo vítað sé. Ég veit ekki hvort þessi viðdvöl hennar hafi verið rannsökuð. Ég hef verið að mynda lóur og lóuhópa nú að undanföllum á Seltjarnarnesi. Nokkuð sem ekki sást hér áður fyrr. Þær sækja í fjörunnar til að finna sér æti. Hér áður fyrr voru hrafnar, mávar og dílaskarfur, auk æðarfugls og sendlings áberandi yfir vetrartímann en nú getur maður líka átt von á að rekast á tildru, stara, stelk og lóu í fjörum hér suðvestan lands yfir vetrarmánuðina."

Vesturbæjaskóli


Renningar er mjög vinsæll



Börn í Vesturbæjarskóla með renningana.

Renningur er mjög vinsæll hjá börnum í fyrsta og öðrum bekk og eitt af því sem börnin muna vel eftir frá skólagöngu sinni í Vesturbæjarskóla segir á heimasíðu skólans. Í renning þjálfar börn talningu upp fyrir tug og hundruð.

Þannig læra þau sætisgildin, að eining taki eitt sæti, tugur tvö, hundruð þrjú og svo framvegis og að segja háar tölur upphátt. Einnig er markmið með renning að þjálfar talnaskrift og að börnin átti sig á endurtekningu og reglu í talningu og skráningu. Með því að bæta sjálf við renninginn sjá þau hann vaxa. Sem dæmi færðu rauðan borða þegar þú kemst upp í 100, gulan þegar komið er upp í 1000, flauelsborða þegar komið er upp í 3000, íslenska fánann þegar komið er upp í 5000 og demantsborða í 9000.



FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK

Jól og áramót í Fríkirkjunni í Reykjavík

15. des. fim. kl. 20:00.

„Aðventukvöld, fjölbreytt og glæsilegt tónlistarkvöld. Gestur kvöldsins Ellen Calmon, framkvæmdastýra Barnaheilla. Fram koma: Sönghópurinn við Tjörnina, hljómsveitin Mantra ásamt Gunnari Gunnarssyni og barnakór Fríkirkjunnar undir stjórn Álfheiðar Björgvinsdóttur. Sr.Hjörtur Magni leiðir stundina.

24. des. lau. kl. 18:00.

Aftansöngur á aðfangadagskvöldi. Þóra Einarssdóttir sópran syngur einsöng. Sönghópurinn við Tjörnina ásamt strengjakvartett kirkjunnar syngur jólin inn og leiðir safnaðarsöng undir stjórn Gunnars Gunnarssonar. Dr. Sigurvin Lárus Jonsson leiðir stundina.

25. des. sun. kl. 14:00.

Hátíðarguðsþjónusta á jöladag. Ljósanna hátíð fagnað með rísandi sól. Leikin verða lög eftir Egil Ólafsson ásamt því að KK mun flytja nokkur af sínum fjölmörgu lögum. Sr. Hjörtur Magni, Sönghópurinn við Tjörnina ásamt Gunnari Gunnarssyni.

30. des. fös. kl. 21:00.

Hátíðartónleikar Árstíða

31. des. lau. kl. 16:00.

Aftansöngur á gamlársdag. Sönghópurinn við Tjörnina leiðir safnaðarsöng ásamt Gunnari Gunnarssyni. Dr. Sigurvin Lárus leiðir stundina.



Sólgeraugu í jólapakkann

Þú finnur úrval af fallegum sólgleraugum í verslunum Eyesland, frá m.a. Jimmy Choo, Isabel Marant, Ray Ban og Gigi Studios.

Skoðaðu úrvalið á eyesland.is

Grandagarði 13 · Glæsibæ, 5.hæð · eyesland.is

eyesland

Áslaug Íris Katrín sýnir í Listval á Granda



Áslaug Íris Katrín við verk sín.

Nú stendur yfir sýning Áslaugar Írisar Katrínar Friðjónsdóttir í Listval á Granda. Sýninguna nefnir Áslaug Bergmál. Áslaug lauk BA prófi í myndlist frá Listaháskóla Íslands árið 2006. Árið 2009 lauk hún MFA prófi frá School of Visual Arts í New York. Verk Áslaugar hafa verið sýnd á sýningum í söfnum og galleríum á Íslandi, í Evrópu og í Bandaríkjunum.

Á sýningunni kannar Áslaug óhlutbundin form innan myndflatarins, þar sem negatíf og positíf form eru endurtekin milli verka þar sem þau mynda nýja myndbyggingu hverju sinni og taka á sig nýja merkingu, abstrakt innan abstraktsins eins og kemur fram í fréttatilkynningu frá Listval. Áslaug laðast að lifandi hefð óhlutbundins myndmáls sem gefur henni rými til þess að vinna með myndheim sinn á rökrænan hátt án fyrirfram gefins ramma. Við gerð sýningarinnar sótti hún meðal annars innblástur í eldri verk sín. Sýningin Bergmál stendur til 17. desember næstkomandi. Áslaug opnaði aðra einkasýningu á dögunum í Neskirkju.

„Hún nefnist Skil | Skjól og stendur yfir til 21. febrúar.

Jólaguðspjöllin snerta okkur á margbreytilegan hátt

Jólaguðspjöllin eru í raun þrjú, rituð hjá Mattheusi, Lúkasi og Jóhannesi, og hvert með sínu móti, þótt Lúkas sé hið frægasta og mest lesið. Við munum þetta; María fæðir barnið í gripahúsi, englarnir birtast fjárhirðunum og boða fæðingu frelsarans. Mig langar að benda á að sennilega má lesa boðskap englanna með þessum hætti: Dýrð Guðs sem er á himnum, er nú einnig á jörðu. Friður Guðs er með þeim sem hann hefur velpóknun á. Það eru allir menn, sköpun hans.

Jólaguðspjall Mattheusar er t.d. með allt öðrum brag en Lúkasar. Mattheus segir frá landflótta Jesú sem flýr undan brjáluðum og valdasjúkum einræðisherra sem er dauðhræddur um völd sín.

En hún undirstrikar líka erindi Guðs við mannkynið einmitt vegna þessara aðstæðna; að Guð tekur sér stöðu með þeim sem minna mega sín, er úthýst og eru þjakaðir á einhvern hátt; hann bendir okkur á að óréttlæti á ekki að líðast, en fyrst og fremst bendir hann á að hver maður styðji annan og hjálpi þar sem hjálpar er þörf. Hún boðar von þar sem allt virðist á stundum vera algerlega vonlaust. Segir frá flóttamönnum sem komast í öruggt skjól.

Hér er þó ekki aðeins fjallað um tímanleg málefni og hjálp við erfiðar aðstæður hér og nú; Eins og segir í jólaguðspjalli

Jóhannesar þá hefur Orðið verið til frá því fyrir upphaf tímans, Orðið hefur verið með Guði og er Guð; sköpunarkraftur Guðs og skynsamlegt hyggjuvit frá eilífð til eilífðar; þetta Orð varð hold. Guð gerist maður og snertir þannig heiminn með beinum hætti.



Séra Sveinn Valgeirsson dómkirkjuprestur.

Með því að lesa þessi þrjú jólaguðspjöll saman þá fáum við dýpri mynd af þessum leyndardómi að Guð gerist maður. Og kannski snertir það þess vegna við okkur á margbreytilegri hátt.

Saman tekið ítreka jólaguðspjöllin hið sama. Guð verður maður. Nafn hans skal vera Immanúel, Guð með oss. Ef það er ekki fagnaðarefni og tilefni til hátíðar þá veit ég ekki hvað það ætti að vera.

Guð gefi þér uppbyggilega aðventu og gleðileg jól.

Séra Sveinn Valgeirsson.



Gjöf sem hittir alltaf í mark





FLUGELDASALA Í KR HEIMILINU

**Opíð 28,29 og 30.des
til kl. 22.00**

**Á gamlárstag er
opíð til kl. 16.00**

Leikskólinn
Grandaborg

Börn færð úr
Kringlunni
í Hagaborg



Nemendur leikskólans
Grandaborgar hafa öðru sinni
verið færðir bráðabirgðahús-
næði vegna myglu. Sumarið
2021 vöknudu áhyggjur
af loftvist á leikskólanum
Grandaborg og niðurstaða
úttektar lá fyrir í sumar.

Mygla fannst í Grandaborg
og við viðgerðir fannst rof
á skolplögn undir húsinu.
Krökkunum var skipt upp
í þrennt: Hluti hópans var
sendur í húsnæði á fyrstu
hæð Kringlunnar 1, annar á
leikskólann Eggertsgötu og
þriðji á Nauthólsveg. Kurr er
í foreldrum sem segist orðnir
þreyttir á endalausum hringli og
loðnum svörum frá borginni.
Mygla er í bráðabirgðahúsnæði
sem hluti nemenda var færður í
en færa á þá enn annað í byrjun
desember. Nú hefur foreldrum
verið tilkynnt að deildin verði
færð úr Kringlunni yfir á
Hagaborg í byrjun desember.

Stundum verða stökur til

- séra Hjálmar Jónsson fyrrum Dómkirkjuprestur og alþingismaður fer á kostum

Út var að koma hjá Bókaútgáfunni Hólum bókinn Stundum verða stökur til eftir séra Hjálmar Jónsson fyrrum alþingismann og dómkirkjuprest. Þar rekur hann sig fram um ævina í kveðskap, skemmtileg atvik og viðburðir verða ljóslifandi, samferðamenn eru kallaðir til leiks og gáskafull skeytin fljúga í allar áttir. Auk þess er þarna að finna sálma og skírnar- og minningarljód. Rauði þráðurinn er þó alltaf hjartahlýjan og húmorinn. Hér á eftir verður gripið niður í bókina og hefjum leikinn í fyrsta prestakalli séra Hjálmars, Bólstaðarprestakalli:

Fyrsta veturinn okkar nyrðra bjuggum við í kennaraíbúð í Grunnskólanum á Húnavöllum, en þar sinni Signý, kona mín, fullri kennslu og ég hálfri, auk prestsstarfanna. Einn af samkennurunum var Guðlaugur Arason, þá nýbúinn að fá verðlaun fyrir skáldsögu sína, Eldhúsmellur, sem hann varð landsfrægur fyrir. Ýmsir töldu að slíkur höfundur ætti alls ekki að kenna börnum, enda hlyti hann að vera varasamur. Sífelld var spurt hvernig hann væri, þessi höfundur bókarinnar með tvíræða nafninu. Ég bjó til staðlað svar við þeirri spurningu:

Hefur brellið hugarþel,
haus af dellu bólgin.
Annars fellur okkur vel
við eldhúsmelludólgin.

Svo yfir í Skagafjörðinn

Sæluvikan er dásemdarviðburður

í Skagafirði. Þar fara saman menningarviðburðir og skemmtun.

Einhverju sinni við upphaf sæluviku var ég að undirbúa messu. Sú venja hafði skapast fyrir mína tíð að messað var fyrri sunnudaginn en daginn eftir lokaballið var talið rétt að gefa fri frá helgihaldinu. Nú var sem sagt fyrri sunnudagurinn fram undan, margir listviðburðir og mannamót. Messan var að jafnaði mjög vel sótt. Um morguninn var ég slæmur í hálsinum, rámur og greinilega einhver kvefpest að búa um sig. Ég hringdi í vin minn, Óskar Jónsson lækni, og bað hann nú að duga mér vel, senda mér eitthvað fljótvirkt og krassandi þannig að röddin færi ekki alveg og ég gæti messað. Reyndar þótti Óskar sparsamur á lyf að hætti góðra lækna, líkaminn skyldi vinna á slæmskunni í lengstu lög. Því var það að einhver orti sem fékk ekki lyf sem hann eða hún taldi sig vanta:

Ekki vill hann Óskar minn
ausa út meðulonum.
Margur dáðadrengurinn
má drepast fyrir honum.

En í eynd minni og raddleysi setti ég saman þessa bón til Óskars:

Staðan er bæði tæp og treg,
tárvoft augun og bólgin kver.
Nú verður messan neyðarleg
nema þú gerir kraftaverk.

Óskar brá við skjótt, ég fékk sýklalyf

og sterka dropa. Um hádegíð hafði ástandið þó ekki lagast, heldur versnað til muna. Ég var orðinn þegjandi hás og ófær um að sinna embætti mínu í kirkjunni. Signý mín hringdi þá fyrir mig í sr. Gunnar Gíslason í Glaumbæ, sem þá var nýhættur prestsskap, og bað hann að bjarga þessu með messuna. Séra Gunnar brást við vel og drengilega eins og hans var von og vísa. Hann var mættur í Sauðárkrókskirkju rétt fyrir kl. 14 og gengur fyrir altarið undir forspilinu. Nú er frá því að segja að læknishjónin, Óskar og Aðalheiður Arnórsdóttir, komu til messunnar. Þau komu bara rétt fyrir klukkan tvö þannig að þau fengu sæti uppi á svölum í aftari röð og sáu ekki niður. Þegar svo séra Gunnar byrjar að tóna var röddin talsvert öðruvísi en í mér. Aðalheiði sagðist svo frá síðar að Óskar hefði sprottið á fætur og gáð fram af skörinni, litið inn að altarinu og tautað fyrir munni sér: „Hvað gaf ég honum eiginlega?“

Síðan er það Alþingi:

Að birtum kjaradómi haustið 1995, þar sem laun þingmanna hækkuðu talsvert, brá svo óvenjulega við að þingmenn forðuðust fjölmiðla og vildu helst ekki láta þá ná í sig:

Þjóðfélagið þrautir ber
og þingið á í raunum.
Margur huldu höfði fer
sem hækkadi í launum.



Séra Hjálmar prýðir að sjálfsögðu forsiðu bókarinnar.

Margir muna þegar Össur Skarp-héðinsson og Ingibjörg Pálmadóttir voru saman í sjónvarpsviðtali sem fékk skjótan endi. Ingibjörg fann fyrir brjóstþyngslum og virtist vera að fá hjartaáfall. Öllum var illa brugðið en athygli vakti að Össur stóð sem myndastytta og hafðist ekkert að:

Alþjóð veit að Össur var
öllum mönnum seinni
þegar hans að höndum bar
hjärtastopp í beinni.

Þetta er aðeins lítið kveðskaparbrot úr bók sem koma ætti öllum í gott skap.



Vigdísarholt

Gefandi starf í góðum félagsskap

Umönnun | framtíðarstarf – Seltjörn

Við leitum að starfsfólki í fjölbreytt umönnunarstörf. Um er að ræða nokkur stöðugildi (60 – 100%) í vaktavinnu.

Seltjörn er 40 íbúa hjúkrunarheimili þar sem rík áhersla á er á heimilislegar aðstæður. Góðir tekjumöguleikar með fjölbreyttum vöktum.

Hjúkrunarfræðingur | hlutastarf – Seltjörn

Við leitum að hjúkrunarfræðingi í framtíðarstarf í hlutastarfi.

Viðkomandi skal hafa íslenskt hjúkrunarleyfi, hafa faglegan metnað og sýna alúð við íbúana.

Þekking á RAI mælitækinu er kostur, góð yfirsýn og skipulagshæfni ásamt hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veitir Svanlaug Guðnadóttir, framkvæmdastjóra hjúkrunar, svana@sunnuhlid.is eða á síma 864 4184

Sótt er um starfið á heimasíðu Vigdísarholts: vigdisarholt.is eða á alfred.is

Vigdísarholt er rekstraraðili þriggja hjúkrunarheimila: Sunnuhlíð í Kópavogi, Seltjörn á Seltjarnarnesi og Skjólgarður á Höfn í Hornafirði.

Seltjörn

SELTJARNARNESI

Það eru 40 hjúkrunarrými á Seltjörn sem skiptist í tvær einingar sem hvor samanstendur af tveimur 10 manna heimilum.




Járnbrautarteinar fundust við Öskjuhlíð

Hluti járnbrautarteina hafa fundist við Öskjuhlíð í Reykjavík við uppgröft sem stendur yfir. Talið er að Bretar hafi lagt teinana og notað og vagna við vinnu á svæðinu. Ætlunin er að teinarnir verði hluti af útisýningu Árbæjarsafns.

Teinarnir fundust undir bílastæði sem unnið er að því að taka upp. Ekki var vitað um þá áður. Í fyrstu var talið hugsanlegt að teinarnir væru frá tímum hafnargerðar í Reykjavík 1913 til 1917 þegar grjót var flutt með járnbraut úr Öskjuhlíð. Nú er talið að járnbrautarteinarnir séu frá tímum seinni heimsstyrjaldarinnar þegar breskt herlið og síðar bandarískt var á Íslandi með mikil umsvif. Lýkur eru til að teinarnir hafi verið notaðir til að flytja efni í Reykjavíkurflugvöll sem byggður var af Bretum.



Járnbrautarteinarnir í Öskjuhlíð.
Mynd RÚV.



FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK

Aðventukvöld Fríkirkjunnar í Reykjavík

Fimmtudaginn 15. desember kl. 20.00.

Ræðukona Ellen Calmon, framkvæmdastýra Barnaheilla.
Sönghópurinn við Tjörnina og hljómsveit flytja tónlist undir stjórn Gunnars Gunnarssonar.
Aðgangur ókeypis. Verið öll velkomin!



BASARINN

Nytjamarkaður

Austurveri

Háaleitisbraut 68

Sími 562 6700

Opið virka daga 12-18



VERSLAÐU MEÐ HJARTANU!



Óðinsgötu 1 101 Reykjavík systrasamlagid.is

Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16

@systrasamlagid
Sími: 511 6367

Opnunartími hjá Blómagallerí fyrir jóla og áramót

- Mánudag til föstudag opið 10 – 18
- Laugardag opið 11 -18
- Sunnudag opið 11 -16
- Þorláksmessa opið 10 – 20
- Aðfangadagur opið 10 – 13
 - Jóladagur Lokað
 - Annar í jólum Lokað
- 27. – 30. des opið 10-18
- Gamlársdag opið 10 – 13
 - Nýársdag Lokað
- Opnum aftur þriðjudaginn 3. janúar



Hagamel 67 - 107 Reykjavík
S: 552 6070

Kaupa færanlegar kennslustofur fyrir Hagaskóla

Borgarráð hefur samþykkt kaup á 16 færanlegum kennslustofum ásamt samtengdum göngum og salernum fyrir Hagaskóla. Alls er um 1.700 fermetra að ræða. Nemendur skólans hafa verið í bráðbirgðahúsnæði í Ármúla, þar sem brunavörnum hefur verið ábótavant, og Korpuskóla eftir að mygla greindist í Hagaskóla í nóvember í fyrra.

Stofurnar verða á tveimur hæðum í tveimur þyrpingum á lóð Hagaskóla í Vesturbænum og verða notaðar til kennslu nemenda á meðan endurgerð núverandi skólahúsnæðis og gerð viðbyggingar við skólann eru í framkvæmd, að því er segir í greinargerð.

Í notkun í vor

Þannig verður hægt að færa alla nemendur skólans úr Ármúla og Korpuskóla aftur á lóð Hagaskóla. Reiknað er með að taka fyrstu stofurnar í notkun í vor. Gert er ráð fyrir því að nota þær fyrir aðra skóla



borgarinnar þegar framkvæmdum lýkur í Hagaskóla.

Stofurnar voru boðnar út í örútbóði innan rammasamnings um færanlegar húseiningar. Eitt tilboð barst frá Terra Einingum

ehf. Heildar kaupverð er tæpar 865 milljónir króna. Við kaupverðið bætist kostnaður á vegum Reykjavíkurborgar vegna jarðvinnu, undirstaða og lagna í jörðu sem er áætlaður 80 milljónir króna.



Verslaðu með hjartanu!
www.systrasamlagid.is



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufari

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
Þökkum viðskiptin á liðnum árum.



Iris, Alexandra og Andrea
Salon Nes | S: 562 6065 | Austurströnd 12
iris@salonnes.is | www.salonnes.is



Skoðaðu afgreiðslutíma sundstaða og Fjölskyldugarðsins um jóla og áramót á www.itr.is



Gunnar Felixson hlaut Stjörnu KR

Á fundi aðalstjórnar KR í september sl. var samþykkt einróma að Gunnar Felixson skildi sæmdur helstu viðurkenningu KR - KR Stjörnu. Gunnar Felixson Stjörnu KR. Gunnar fæddist árið 1940 og er því orðinn 82 ára gamall. Hann lék knattspyrnu með KR upp alla yngri flokka og sinn fyrsta leik með meistaraflokki KR sumarið 1959. Frá árinu 1961 átti hann fast sæti í meistaraflokki KR - í liðinu sem í dag er enn vitnað til sem gullaldarliðs KR.

Gunnar var fljótur og mjög teknískur leikmaður og markaskorari mikill. Hann lék tæplega 200 leiki með KR og skoraði í þeim yfir 90 mörk, eða u.p.b. mark í öðrum hvorum leik. Þar á meðal voru fyrstu Evrópuleikir KR, gegn Liverpool sem þá var einnig að leika sína fyrstu Evrópuleiki. Gunnar skoraði eina mark KR í leikjunum. Gunnar varð 4 sinnum Íslandsmeistari með KR og 6 sinnum bikarmeistari, auk annarra titla. Gunnar lék einnig sjö leiki með landsliði Íslands og skoraði í þeim 2 mörk. Það vakti athygli út fyrir landsteinana þegar þeir bræður Hörður, Bjarni og Gunnar léku saman með landsliðinu gegn Bretum sumarið 1963, enda voru ekki mörg dæmi þekkt um slíkt. Gunnar kom einnig að þjálfun yngri flokka hjá KR.

Eftir að knattspyrnuferlinum lauk þá sat Gunnar í nokkur ár í stjórn knattspyrnudeildar KR, síðustu árin sem varaformaður. Hlutverk hans þar var þó miklu stærra en bara seta í stjórn, því hann var sá aðili sem ný kynslóð í stjórn knattspyrnudeildarinnar upp úr 1980 leitaði til um ráð og stuðning, og ekki aðeins á stjórnarárunum heldur í fjölda ára þar á eftir. Þá var Gunnar í forystu Bakvarða KR, sem voru deildinni og félaginu ómetanlegur stuðningur á sínum tíma. Sama má segja varðandi fjármögnun stúkubyggingar KR o.fl. o.fl sem hann kom að.



Gunnar Felixson.

Gauti staðið sig frábærlega

KR-ingurinn Gauti Guðmundsson er búinn að standa sig frábærlega í fjallinu. Nýlega keppti hann í Svigi í Passo Monte Croce.

Gauti var í 11 sæti í annan daginn og vann mótið hinn daginn og skoraði jafnframt sína bestu punkta til þessa í svigi, 51.70. Gauti er nú kominn til Alpe Cermis þar sem hann keppir á fjórum stórsvigsmótum.

Gauti Guðmundsson í brekkunni.



Aapeli Alanen til liðs við KR

Körfuknattleiksdeild KR hefur samið við finnska leikmanninn Aapeli Alanen um að leika með liðinu á þessari leiktíð.

Alanen er 26 ára gamall og er 201 sm á hæð. Alanen lék á síðustu leiktíð með SKN St. Pölten í efstu deild í Austurríki. Þar var Alanen með 16,6 stig, 5,6 fráköst og 1,9 stoðsendingar að meðaltali í leik. Áður lék Alanen í finnsku úrvalsdeildinni með liðum á borð við Kataja Basket, BC Nokia, UU-Korihait og Bisons Loimaa. Alanen hefur leikið með A-landsliði Finna á undanföllum árum og á árum áður einnig með U16, U18 og U20 landsliðum Finnlands.



Ole Martin semur við KR

Knattspyrnufélag Reykjavíkur hefur ráðið Ole Martin Nesselquist sem aðstoðarþjálfara meistaraflakks karla í knattspyrnu. Samningurinn er til þriggja ára.

Ole Martin kemur til liðsins frá Viking Stavanger þar sem hann var aðstoðarþjálfari á síðasta tímabili. Þrátt fyrir ungan aldur (29) þá hefur Ole Martin þjálfað á hæsta stigi í Noregi í fjölda ára en hann byrjaði sinn þjálfaraferil í meistaraflokki sem aðalþjálfari Trossvik IF. Hann náði að stýra Trossvik upp um deild á sínu fyrsta tímabili sem þjálfari, þá 19 ára, sem varð það til þess að gera nafn hans gildandi í norsku fótbolta.

Síðan þá hefur Ole Martin þjálfað Moss FK og Strømmen áður en hann tók við sem aðstoðarþjálfari hjá Viking Stavanger í norsku úrvalsdeildinni, Eliteserien ásamt því að klára æðstu þjálfaragráðu UEFA, UEFA Pro.

„Við hjá KR erum gífurlega ánægð að hafa náð að sannfæra Ole Martin um að koma til Íslands. Reynsla og menntun Ole Martin tala sínu máli og væntir KR mikils af honum. Hann er af mörgum álitinn einn allra efnelegasti þjálfari Noregs og ljóst erum að fá mikla þekkingu inn í félagið með honum. Hann hefur bæði þjálfað sjálfur meistaraflakka í deildarkeppni sem og svo hefur hann einnig reynslu af því að vera aðstoðarþjálfari á hæsta stigi í Noregi“ segir Rúnar Kristinsson, þjálfari meistaraflakks KR. Ole Martin hefur störf hjá KR fyrsta janúar 2023.



Þú færð
KR-vörurnar
hjá okkur!

Óskum KR-ingum og öllum
Vesturbæingum gleðilegra jóla.

Jói útherji
www.joiutherji.is

Ármúli 36 • Reykjavík 108
S: 588 1560

FYRIRTAK
málningarþjónusta

TRAUST OG ÁBYRG ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI

LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM



Allar jólagjafirnar á einum stað

*Ekki þvælast um bæinn
þveran í leit að jólagjöfum.
Verlaðu heima í héraði
á hagstæðu verði.*



*Frí heimsending
innanlands
ef verlað er fyrir
meira en 10.000
krónur*

Opnunartími fram að jólum

Mánudaga - föstudaga

9:00 - 18:00

Laugardagurinn 17. des.

12:00 - 16:00

Þorláksmessa

9:00 - 19:00

bóksala stúdenta

Viskubrunnur við Vatnsmýrina

Háskólatorgi - www.boksala.is - www.facebook.com/boksala

